




LEYSUM KRAFTINN ÚR LÆÐINGI

**Haustþing SSA, haldið í Fljótsdal,
dagana 28. og 29. september 2023**



AUSTURLAND

LEYSUM KRAFTINN ÚR LÆÐINGI

Með Svæðisskipulagi Austurlands 2022 – 2044 sem allar sveitarstjórnir á Austurlandi samþykktu og Skipulagsstofnun staðfesti á síðasta ári sameinuðumst við um framtíðarsýn landshlutans á sviði umhverfis, efnahags, samfélags og menningar.

Þótt svæðisskipulagið sé ekki nema árs gamalt hefur það vakið athygli annarra landshluta sem vitnisburður um það öfluga og samheldna samfélag sem Austfirðingar hafa byggt upp. Fyrir landshluta eins og okkar, sem er í mikilli þörf fyrir víðtæka innviðauppbýggingu, er slík samstaða gríðarlega dýrmæt.

Innleiðing stefnunnar er háð breiðri þátttöku samfélagsins. Svæðisskipulag Austurlands á að verða lifandi plagg og samtalið um það að sama skapi stöðugt og hreinskilið þar sem fjölbreyttur hópur hagsmunaaðila tekur þátt í samtali um innleiðingu stefnunnar og hvernig hún skuli útfærð.

Haustþing SSA beinir því til alls samfélagsins að við tökum höndum saman og útvíkkum samráðsvettvanginn þannig að sem flestir hagsmunaaðilar á Austurlandi geti tekið þátt í samtali um framtíðarsýn Austurlands og nýti svæðisskipulagið sem efnivið í þróunar- og nýsköpunarverkefni og frekari stefnumótun.

Nýleg efnahagsgreining á landshlutanum sem unnin var að beiðni SSA og kynnt ríkisstjórn í lok ágúst sýnir að Austurland leggur mikið til þjóðarbúsins með tæpan fjórðung af verðmæti vöruútflutnings þrátt fyrir að þar búi innan við 3% landsmanna. Atvinnulífið er í mikilli sókn hvert sem lítið er og haustþing SSA beinir því til stjórnvalda að taka tillit til þessa þegar ákvarðanir um innviðauppbýggingu eru teknar. Það er sanngirnismál að fjárfestingar í innviðum séu í samræmi við þá gríðarlegu verðmætasköpun sem á sér stað á Austurlandi og gerir okkur kleift að leysa úr læðingi þann kraft sem býr í íbúum og fyrirtækjum þessa landshluta.

Þessi innviðauppbýgging er aðkallandi fyrir íbúa Austurlands, fyrirtækin og gesti okkar sem sækja okkur heim í síauknum mæli og nýta þá innviði sem til staðar eru hvort sem um ræðir vegi, heilbrigðisþjónustu, möguleika til menntunar eða framboð menningarviðburða. Frekari innviðauppbýgging er forsenda þess að tryggja sjálfbæra þróun Austurlands, íbúum, fyrirtækjum, gestum og komandi kynslóðum í hag og svo svæðið styrkist enn frekar sem burðarstólpi í hagkerfi Íslands.



AUSTURLAND – GÓÐ HEIMKYNNI

- ✱ Haustþing SSA leggur áherslu á að ríkisvaldið standi við fyrirheit um fjármögnun þeirra samgönguúrbóta sem eru í núgildandi samgönguáætlun og eru í samræmi við ályktanir SSA undanfarin ár og Svæðisskipulag Austurlands 2022 – 2044.

Kallað hefur verið eftir samgönguúrbótum til að skapa hringtengingu á miðsvæði Austurlands þannig að til verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði sem rýfur vetrareinangrun byggðalaga og tryggir ávallt örugga undankomuleið þegar hættuástand skapast vegna ofanflóða. Haustþing SSA leggur þunga áherslu á að hönnun ganga frá Seyðisfirði um Mjóafjörð til Norðfjarðar fari fram samhliða vinnu við Fjarðarheiðargöng. Vopnafjörður er órjúfanlegur hluti af atvinnu- og þjónustusvæðinu Austurland og hann þarf að tengja betur við aðra byggðakjarna Austurlands með jarðgöngum undir Hellisheiði.

Haustþing SSA samþykkir að beina því til innviðaráðherra og Vegagerðarinnar að hefja þegar uppbyggingu vega með bundnu slitlagi í dreifbýli á Austurlandi. Í ljósi aukins umferðarþunga, m.a. vegna ferðamanna, eru malarvegir víða á Austurlandi óboðlegir.

- ✱ Haustþing SSA ítrekar að framkvæmdir við endurgerð á Suðurfjarðarvegi og heilsársveg um Öxi hefjist sem fyrst. Slysatíðni er há á Öxi og Suðurfjarðarvegur er metinn einn af hættulegustu vegaköflum landsins auk þess að standa byggðarkjörnum Suðurfjarða fyrir þrífum í áframhaldandi þróun. Í þessu sambandi áréttar haustþingið að einbreiðar brýr á Þjóðvegi 1 og öðrum fjölförnum vegum eru tímaskekkja sem setja þarf aukinn kraft í að fjarlægja úr íslenska vegakerfinu. Jafnframt verði skoðað, þegar til þess kemur, hvort skynsamlegra sé að gera göng um Suðurfirði í stað endurgerðar Suðurfjarðarvegar út frá arðsemi, öryggi og styttingar á Þjóðvegi 1. Haustþingið leggur þó áherslu á að sú skoðun seinki ekki framkvæmdum sem nú eru tillögur um og þola enga bið.
- ✱ Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að forgangsraða framar uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar. Það er í samræmi við fyrstu flugstefnu Íslands frá árinu 2019 og í takti við aukið mikilvægi hans sem varaflugvallar fyrir Keflavíkurflugvöll á eldsumbrotatímum á Reykjanesinu. Þá munu möguleikar vallarins til aukinna vöru- og farþegaflutninga margfaldast. Í þessu samhengi vill haustþing SSA ítreka mikilvægi þess að flugáætlanir innanlandsflugs séu áreiðanlegar, sætaframboð fullnægandi og Loftbrúin efla enn frekar svo flug verði raunverulega hagkvæmur samgöngukostur fyrir íbúa Austurlands.
- ✱ Haustþing SSA beinir til stjórnvalda að flýta vinnu sem snýr að stefnumótun og þróun regluverks um virkjunarkosti vindorku á Íslandi.
- ✱ Haustþing SSA ítrekar mikilvægi þess að síma- og netsamband sé gott um allan landshlutann. Það er gríðarlegt öryggismál m.a. vegna aukins fjölda ferðamanna á Austurlandi sem og mögulegrar náttúruvár. Gott netsamband er jafnframt forsenda atvinnuþróunar og möguleika fólks til að sinna staðsetningarlausum störfum í landshlutanum.
- ✱ Haustþing SSA hvetur til aukins samstarfs fyrirtækja og einkaaðila sem eflir hringrásarhagkerfið t.d. með því að bæta nýtni hliðarstrauma, flétta þá inn í nýja verðmætasköpun og vinna að verkefnum sem leiða til aukinnar verðmætasköpunar úr vannýttu hráefni s.s. lífrænum úrgangi.
- ✱ Þá brýnir SSA stjórnvöld, sveitarfélög, atvinnulíf og almenning að sameinast um að ná kolefnishlutleysi á sem flestum sviðum. Loftslagsvænn atvinnurekstur og lífstíll íbúa er forsenda þess að takast á við áhrif loftslagsbreytinga.

AUSTURLAND – SVÆÐI SÓKNARFÆRA

- * Haustþing SSA beinir því til samfélagsins alls að vinna að þróun fjölbreyttara atvinnulífs. Það er hagsmunamál okkar allra að samfélagið leggi ekki öll sín egg í eina körfu, það mun auka búsetugæði og aðdráttarafl landshlutans fyrir nýja íbúa og draga úr áhrifum áfalla sem hent geta einstakur atvinnugreinar. Því lýsir haustþingið áhyggjum af fyrirætlunum um að draga úr stuðningi við atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni og þar með stuðningi við nýsköpun í atvinnulífi.
- * Styðja þarf við bakið á hefðbundnum atvinnugreinum t.d. með uppbyggingu innviða og með góðu aðgengi að hagnýtri framhaldsmenntun. Þannig styrkjum við mannauðinn á Austurlandi enn frekar og verðum betur í stakk búin að takast á við áskoranir og tæknibreytingar sem kenndar hafa verið við fjórðu iðnbyltinguna. Þá er ferðaþjónustan á Austurlandi í mikilli sókn og metnaðarmál fyrir allt samfélagið að landshlutinn verði heilsársáfangastaður á allra næstu árum. Styðja þarf sérstaklega við bakið á nýrri atvinnugreinum s.s. skapandi greinum og fjölga atvinnutækifærum fyrir starfandi listafólk.
- * Haustþing SSA beinir því til fyrirtækja og stofnana á Austurlandi að taka áfram vel á móti frumkvöðlum, sprotum og nýjum hugmyndum til eflingar landshlutanum. Samvinna stórra og smárra, opinberra og einkaaðila, stuðlar að nýsköpun og leggur grunn að fjölbreyttara atvinnulífi.
- * Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að byggja upp samgönguinnviði og auka þjónustu við vegakerfið. Þannig nýtum við betur þau fjölmörgu ónýttu tækifæri í ferðamennsku sem finna má í landshlutanum og aukum möguleika okkar til aukinnar verðmætasköpunar í sjávarútvegi.
- * Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til sóknaráætlunar Austurlands til langs tíma. Á grunni hennar hefur nú þegar verið hægt að hrinda í framkvæmd verkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir landshlutans eru hafðir að leiðarljósi. Þetta er nauðsynlegur stuðningur við svæðisbundin nýsköpunarverkefni, sprota og frumkvöðla. Árið 2024 verður sóknaráætlunin endurskoðuð í samræmi við þá framtíðarsýn sem lýst er í nýsamþykktu svæðisskipulagi. Sóknaráætlun Austurlands mun því gegna lykilhlutverki sem eiginleg aðgerðaráætlun svæðisskipulagsins til lengri og skemmri tíma.
- * Haustþing SSA fagnar uppbyggingu samvinnurýma á Austurlandi. Það ítrekar mikilvægi þess að net-samband sé gott í öllum byggðakjörnum landshlutans en það er grundvallarforsenda slíkrar starfsemi. Ávinningur af uppbyggingu samvinnurýma er mikill. Þau stuðla að auknu samstarfi á milli atvinnugreina og skapa þannig ný tækifæri. Þess utan geta þau verið eftirsóknarverðir og spennandi vinnustaðir í litlum samfélögum og tilvalin fyrir fólk í staðsetningarlausum störfum.
- * Haustþing SSA beinir því til stjórnvalda að sveitarfélög þurfi að hafa skipulagsvald yfir víkum og fjörðum og meira forræði yfir gjaldtöku hins opinberra af sjávarútvegi og fiskeldi.
- * Haustþing SSA skorar á stjórnvöld og aðra hagaðila að stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis svo það hamli ekki þróun atvinnulífs og fjölgun starfa á svæðinu. Haustþing SSA hvetur stjórnvöld til að efla enn frekar starfsstöðvar á sínum vegum í landshlutanum sem og fjölga óstaðbundnum störfum og taka þannig þátt í fjölgun atvinnutækifaera á Austurlandi. Haustþingið leggur jafnframt ríka áherslu á að sameiningar ríkisstofnana leiði ekki til þess að störf hverfi úr landshlutanum.

- * Haustþing SSA brýnir matvælaframleiðendur í landshlutanum til frekari sóknar. Austurland er matvælahérað og matvælaframleiðendur á Austurlandi þurfa að huga að tækifærum til frekari vinnslu til manneldis. Þá hvetur haustþing SSA verslanir- og veitingaaðila á Austurlandi til að auka framboð á matvöru sem framleidd er á svæðinu og byggja þannig undir frekari þróun á þessu sviði sem nýtist bæði heimamönnum og gestum Austurlands.
- * Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að bæta skilyrði fyrir matvælaframleiðendur til að efla framleiðslu, stunda nýsköpun, skapa ný tækifæri til frekari vinnslu til manneldis og fjölga starfstækifærum til sveita.



AUSTURLAND – STERKT SAMFÉLAG

- ✱ Haustþing SSA beinir því til ríkisvaldsins að renna styrkari stoðum undir tekjustofna sveitarfélaga. Útgjöld sveitarfélaga halda áfram að vaxa, sem og kröfur sem gerðar eru til þeirra í fjölmörgum málaflokkum. Sveitarfélögin þurfa að njóta meiri hlutdeildar af nýtingu náttúruauðlinda, veiðigjöldum, gjöldum af fiskeldi, sem og skatttekjum af orkuframleiðslu og fjármagnstekjuskatti svo eitthvað sé nefnt.
 - ✱ Mikilvægt er að einfalda allt regluverk svo fjármunir nýtist frekar til að þjónusta íbúa og atvinnulíf í landshlutanum. Brýnt er að stjórnsýslan á vettvangi ríkisins fari að starfa í takt við nýja tíma og tileinki sér stafrænar og umhverfisvænar lausnir.
 - ✱ Haustþing SSA skorar á þingmenn kjördæmisins að halda góðum tengslum við íbúa Austurlands. Norðausturkjördæmi er afar stórt og einungis tveir þingmenn af tíu eru frá Austurlandi. SSA hvetur þingmenn til að viðhalda stöðugum og virkum tengslum við íbúa svæðisins og koma sér þannig inn í mál sem brenna á almenningi á Austurlandi og hvetur til samtals um kjördæmaskipan og mikilvægi þess að rödd minni samfélaga eigi sinn sess á Alþingi.
 - ✱ Haustþing SSA skorar á stjórnvöld að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum þannig að HSA geti styrkt bráðapjónustu, unnið að forvörnum, eftirgeð- og líkamlega heilsu Austfirðinga og sinnt öllum sínum lögbundnu skyldum. Leggja þarf áherslu á að tryggja stöðugleika í mönnun, nútímalegan tækjakost og uppbyggingu þekkingar. Efla þarf enn frekar þverfaglegt samstarf með það að markmiði að auka heilsu og vellíðan íbúa á Austurlandi.
- Þörfin fyrir frekari nýtingu tæknilausna til að bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu er knýjandi þar sem íbúum og gestum fjórðungsins fjölga og lífaldur fer hækkandi.
- ✱ Haustþing SSA hvetur allar menntastofnanir í landshlutanum til aukinnar samvinnu og fjölga verkefnum sem stuðla að skapandi hugsun, forvitni og vilja til nýsköpunar á öllum skólastigum. Þá er mikilvægt að styðja við þróun samfélags nemenda á landshlutavísu, auka aðgengi að námi á háskólastigi og að unnið verði með í kennslu og rannsóknum efnivið og gögn um umhverfi, atvinnulíf, samfélag og menningu Austurlands.
 - ✱ Haustþing SSA hvetur íbúa, fyrirtæki og félagasamtök að finna leiðir til að stórauka samfélagsþátttöku íbúa af erlendum uppruna. Austurland er fjölmenningarsamfélag og sem slíkt þurfa allir að geta gert nýjar heimaslóðir að sínum, auðgað samfélagið og haft rödd í því.
 - ✱ Austurland er opið og víðsýnt samfélag. Haustþing SSA leggur áherslu á að réttindi allra íbúa í samfélaginu séu jöfn og virt óháð kyni eða uppruna. Orðræða umburðarleysis og haturs gagnvart ákveðnum samfélagsþópum verður ekki liðin.
 - ✱ Haustþing SSA skorar á ríkisstjórn og Alþingi að fella þegar niður undanþágur á greiðslu fasteignaskatta af orkumannvirkjum.



AUSTURLAND – ÆVINTÝRI LÍKAST

- * Haustþing SSA brýnir stjórnvöld til tryggja uppbyggingu innviða svo Austurland megi verða heilsársáfangastaður fyrir ferðamenn og þar með grunnstoð í atvinnulífi fjórðungsins. Ekki má slá slöku við uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar svo hann geti þjónað sem gátt fyrir ferðamenn beint til Austurlands og sem raunhæfur kostur fyrir gesti með innanlandsflugi.
- * Haustþingið skorar á stjórnvöld að auka samvinnu ólíkra innviðastofnana til að takast á við uppbyggingu ferðamannastaða og ferðaleiða sem opnar eiga að vera allt árið um kring. Tryggja þarf að vegir séu þjónustaðir yfir vetrartímann og rafhleðslustöðvum fjölgað ef fjórðungurinn á að vera opinn gestum og íbúum hans allan ársins hring.
- * Haustþing SSA minnir á nauðsyn þess að auka fjárfestingar í innviðum ferðaþjónustu á Austurlandi, ekki síst gistingu og afþreyingu, og telur nauðsynlegt að sem flestir komi þar að. Haustþingið lýsir áhyggjum yfir fyrirhuguðum niðurskurði til ferða- og markaðsmála þar sem slíkt grefur undan uppbyggingu ferðamannastaða á svæði sem þarf sárlega á slíku að halda til að gera ferðaþjónustu að undirstöðu atvinnugrein í fjórðungnum. Stuðlað verði að því að uppbygging í afþreyingu og ferðaþjónustu dreifist sem mest um landshlutann til að koma í veg fyrir ofálag á tiltekna staði.
- * Haustþing SSA hvetur stjórnvöld til að tryggja að menningarstofnunum í fjórðungnum sé gert kleift að sinna hlutverki sínu og þróa áfram svæðisbundin verkefni byggð á menningu og sögu svæðisins. Efla verður skapandi greinar og tengja betur við ferðaþjónustuna og þá upplifun sem er í boði fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn. Hvetur Haustþingið til nýtingar menningararfsins til atvinnusköpunar sem styður við upplifun gesta og heimamanna og styrkir ímynd svæðisins. Þá er mikilvægt að auka menningarlæsi og þar gegnir listkennsla og listaupplifun fyrir börn og unglunga lykilhlutverki. Beinir Haustþingið því til stjórnvalda að styrkja þennan þátt skólastarfsins og efla barnamenningu, t.d. undir hatti BRAS barnamenningarhátíðarinnar.
- * Haustþing SSA fagnar fjölbreyttu íþróttastarfi á Austurlandi og hvetur stjórnvöld til að jafna stöðu þeirra sem þær stunda, ekki síst barna og unglunga sem standa frammi fyrir miklum kostnaði tengdum þátttöku í keppnum út fyrir fjórðunginn. Horfir Haustþingið til þess að Loftbrúin verði nýtt til að jafna þennan aðstöðumun. Haustþingið hvetur íbúa landshlutans til þátttöku í því íþrótt- og tómstundastarfi sem boðið er upp á og sveitarfélög til áframhaldandi uppbyggingar á íþróttamannvirkjum, sem nýtist einnig til margs konar félagsstarfs.
- * Haustþingið minnir á mikilvægi þess að aðstaða til heilsuræktar utandyra sé fjölbreytt í þéttbýli og grennd þess. Um leið og fyrirtæki eru hvött til heilsuefningar starfsfólks og íbúar til reglulegrar útivistar, brýnir Haustþingið sveitarfélög og aðra þá sem standa að framkvæmdum að nýta öll tækifæri sem gefast til að búa í hagin fyrir þá sem njóta útiveru, t.d. með lagningu reidleiða, göngu- og hjólastíga þar sem jarðvegi hefur verið raskað.
- * Haustþingið fagnar árangri „Römpum upp Ísland“ verkefnisins og hvetur til áframhaldandi vinnu í anda þess til að auka aðgengi fólks með fötlun að náttúruperlum þar sem því verður við komið. Minnir Haustþingið á mikilvægi samráðs við alla sem að slíkum verkefnum koma.

